


1 **AFSTÖÐUMYND 1_500**
1 : 500



2 **Þrívídd Austur**



3 **Þrívídd Vestur**

# Byggingarlýsing

**Byggingarlýsing: (112/2012 4.3.9. gr.)**
**Landnúmer: L231022**
**Fastanúmer: 2512524**
**Staðgreinir: STF1203532**
Byggingin verður einnar hæðar íbúðarkjarni sem samanstendur af 6 íbúðum ásamt sameginlegu rými og verður staðsett að Stóragarði 12 á Húsavík. Sjö bílastæði, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða verða staðsett fyrir framan bygginguna að austanverðu.
Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur, og þar með talið forsmíðaðar einingar, sem eru CE-merktar eða hafa hlotið sambærilega viðurkenningu samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um mannvirkjagerð.

| | |
|---|---|
| **Birt flatarmál:** | **479,1 $m^2$** |
| **Brúttó Rúmmál:** | **2110,6 $m^3$** |
| **Stærð lóðar:** | **3499 m2** |
| **Nýtingahlutfall:** | **0,14** |

**Aðkoma: (112/2012 4.3.9. gr.)**
Frá aðliggjandi götu, Stóragarði.

**Grundun: (112/2012 4.3.9. gr. & 9.9.2. gr.)**
Grafa skal niður á frostfrían, burðarhæfan jarðveg. Grafið er út fyrir húsgrunni niður á fastan óhreyfðan jarðveg. Grafa skal jafn langt út fyrir undirstöður og dýpt graftrar er. Grunnur skal hreinsaður vel áður en fyllt er í hann. Fyllt skal í grunninn með burðarhæfri, frostfrírri fyllingu sem þjappist vel í þunnum lögum. Fara skal alfarið eftir fyrirmælum RB-blaða um efni og vinnu við þjöppun.

**Sökklar og undirstöður: (112/2012 4.3.9. gr.)**
Forsmíðað sökkulkerfi frá Legalett Byggsystem AB, tilsniðnar EPS blokkir sem forma staðsteyptan sökkul og plötu.
Þykkt einangrunar undir steyptri botnplötu er 300mm.

**Þak: (112/2012 4.3.9. gr. & 9.9.2. gr.)**
Burðarvirki þaksins er kraftsperrur úr timbri. Klætt er ofaná kraftsperrur með 22mm nótuðum panel sem klæðist með asfaltpappa og bárujárnsklæðningu. Einangrunarlag kemur í neðri brún kraftsperrunnar, heildarþykkt einangrunar skal ekki fara undir 225mm að þykkt með vindpappa að ofanverðu. Setja skal vír til að halda uppi einangruninni með c/c 300mm. Undir kraftsperruna skal rakavarnarlagið koma og undir það kemur lagnagrind sem klæðist með tveimur lögum af gifsi. Rakavarnarlag skal enda þétt.

**Útveggir: (112/2012 4.3.9. gr. & 9.9.2. gr.)**
Útveggir koma í forsmíðuðum einingum frá framleiðandanum Mjöbäcks í Svíþjóð. Burðargrind er 170 mm þykk einangrunarfyllt timburgrind, þykkt að utan með 30mm einangrunarfylltri timburgrind og klædd með vindpappa, lektum og standandi viðarklæðningu á 28mm loftunargrind. Að innan kemur rakasperra, 45mm lagnagrind og 2x12,5mm gifsklæðning.

**Litaval:**
Útveggir verða hvítir.
Timbur/ál gluggar, áfellulistar og úthornalistar verða hvítir.
Þakið verður svart (standard litur frá framleiðanda).

**Gluggar og hurðir:**
Gluggar eru ál/tré, með þreföldu einangrunargleri. Flóttaleiðir eru um útidyr og björgunarop. Hæð þröskulda útidyra sé ekki hærri en 20 mm. Hindrunarlaus umferðarbreidd útidyra skal vera 830 mm að lágmarki.

**Innveggir : (112/2/2012)**
Eldvarnarveggir eru á milli íbúða og íbúða og gangs og er ekki leyfilegt að leggja lagnir í þá veggi án þess að hafa samband við hönnuð og skal það gert skriflega. Skal eldvarnarveggurinn ná frá botnplötu upp til neðri brúnar þaksperru. Skal veggurinn ná að rakavarnarlagi útveggja. Brunamótstaða veggjar á milli íbúða skal vera EI-60, sjá teikningu grunnmyndar.
Veggir milli íbúða og gangs eru berandi og eru 2x95mm einangruð timburgrind með 28mm einangrunarfylltu bili milli grinda. Veggirnir eru klæddir 2x12,5mm hefðbundnu gifsi. Íbúðamegin kemur 11mm OSB-plata á milli gifslaga.
Burðaveggur á milli gangs og almennra rýma er gerður úr 95mm timburgrind klæddir 2x12,5mm gifsi. Aðrir innveggir eru 70mm trégrind klæddir 2x12,5mm hefðbundnu gifsi.

**Gólf : (112/2012)**
Votrými, gangar og anddyri eru flísalögð, önnur rými eru með laminatparketi.

**Loftaefni : (112/2012)**
Loft eru klædd með 1x15mm og 1x13mm gifsplötum.

**Varmaeinangrun (112/2012 13.3.2. gr.)**

| | **Krafa byggingarreglugerðar.** | **Raungildi hússins.** |
|---|---|---|
| **U-gildi ($W/m^2k$) sem eru:** | | |
| **Þak:** | <0,2 | 0,15 |
| **Léttur útveggur:** | <0,3 | 0,19 (óeinangruð lagnagrind) annars 0,16 |
| **Gluggar/hurðir:** | <2,0/3,0 | 1,2 |
| **Gólf á fyllingu:** | <0,3 | 0,18 |

**Loftræsing íbúðar (112/2012 10.2.5. gr.)**
Öll lokuð gluggalaus rými verði loftræst vélrænt, úr geymslu í íbúðum inn á baðherbergi, frá baðherbergjum og ræstingu er húsið loftræst með vélrænu útsogi. Loftræsirör komi frá viðkomandi rýmum upp í þakrými á milli einangrunarlaga á milli sperrubila og út í þakkant og niður úr þakkanti.
Innloftun í húsið verði úr veggventlum skv. sérteikningum frá framleiðanda sem og um opnanleg gluggafög. Veggventlarnir koma ofarlega á útveggi og anda inn frá bili innan við útveggjaklæðningu.

**Brunavarnir: (112/2012 4.3.9. gr.)**
Mannvirki er skilgreint í notkunarflokk 3 (9.1.3. gr.)
Hönnun brunavarnar byggir á ákvæðum byggingarreglugerðar.
Krafa er um sjálfvirka brunaviðvörun (9.4.2.gr) og er það leyst með stökum reykskynjurum.
Krafa er um handslökkvitæki. (9.4.4.gr)
Flóttaleiðir eru um útihurðir og björgunarop (9.5.2.gr.)
Göngulengdir eru undir viðmiðunarlengdum samkv. gr.9.5.6.
Dyr í flóttaleiðum mega opnast gegn flóttaátt (9.5.9.gr)
Loft og veggjaklæðningar eru í flokki 1, (9.6.8.gr)
Gólfefni skulu vera í flokki Cfl-s1 (9.6.9.gr.)
Hurðir milli íbúða og gangs skal vera EI30.
Veggir milli íbúða skulu vera EI60. (9.6.20.gr).
Aðkoma slökkviliðs er frá götu (9.8.2.gr)
Flokkun burðarvirkis m.t.t brunamótstöðu er R30, þar sem áhætta vegna öryggis fólks er lítil (Tafla 9.10).

**Lagnakerfi: (112/2012 4.3.9. gr.)**
Upphitun íbúðanna er í gegnum lofthitakerfi sem lagt er í gólfplötu. Kerfið er frá sama framleiðanda og sökkulkerfi.

**Algild hönnun/umferðarleiðir: (112/2012)**
Umferðarbreidd inngangsdyra er minnst 0,83m. Svala- og garðdyr ásamt öðrum dyrum í byggingunni uppfylla lágmarkskröfu um hindrunarlausa umferðarbreidd sem er 0,8m og hæð 2,0m. Íbúðirnar uppfylla kröfu um algilda hönnun er varða umferðarleiðir. (6.1.3.gr). Kröfur til algildrar hönnunar (6.7.3.gr) eru m.a. hindrunarlaust aðgengi að eldhúsinnréttingu og þvottaaðstöðu. Önnur flóttaleið úr svefnherbergjum er um björgunarop í glugga. Þrepalaus gönguleið er frá bílastæði inn í hús.

**Frágangur lóðar: (112/2012 7.2 kafli).**
Lóð verður gróin bakatil, en hellulögð / malbikuð bílastæði og stéttar framanvið. Hver íbúð um sig verður með sólpall og skjólveggjum. Steyptur sólpallur verður fyrir framan setustofuna og steypt stétt verður lögð í kringum bygginguna.

**Meðhöndlun sorps:**
Öll meðhöndlun sorps skal vera í samræmi við reglur sveitafélagsins.

Upprunalegur hönnuður:

## Skýringar Afstöðumynd

- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
LM1=12,3 - Hæð á lóðarmörkum
- Lóðarhæð ekki gefin upp á lóðarblaði
(12) - Númer á hnitapunkti

Útg.Tilv.* Dags. Teikn. Skýring / Breyting. Samþ.vk. Dags.

*Tilvísun: ÚTR: útgáfa innri rýni, ÚSV: útgáfa samþ. verkkaupa, ÚTF: útgáfa til framleiðanda, ÚTB: útgáfa f/byggingarnefnd, ÚTV: útgáfa verkteikningar

**Einbýlishús**
TEGUND VERKS

Stórigarður 12, 640 Húsavík
GATA/STAÐSETNING

AÐALUPPDRÆTTIR

| | |
|---|---|
| LANDNÚMER: | L231022 |
| STAÐGR.: | STF1203532 |
| MHL: | |
| MKV.: | 1:500/1:100 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A1 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 2021-02-08 |
| STOFN DAGS: | 2021-02-08 |
| TEIKNAÐ: | Ragnar Sigurgeirsson |
| YFIRFARIÐ: | Ragnar Hermansson |

| VERKNR. | MAPPA | SVÆÐI | ÁBYRGÐ | SFB NR. | RAÐNR. | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **18-01** | 07 | | A | | **A-01** | |

**Hönnunarstjóri:**
**Ragnar Hermansson**
**tel: +354 854 1881**
**Netfang: Ragnar@trerein.is**
**kt. 190480-3489**

**Undirskrift**

Trésmiðjan Rein

**© Hönnuður**
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Tölvuskrá: C:\Users\RagnarGamalielSigurg\Belkod AB\Höskuldur Skúli Hallgrímsson - Belkod\Einingahús\2020\20.47 - Stórigarður 12, Sambýli\Revit\20.47 - Stórigarður 12.rvt true north.rvt




# 1 GRUNNMYND
1 : 100




# 4 SUÐUR
1 : 100




# 6 ÞVERNIÐ
1 : 100




# 3 NORÐUR
1 : 100




# 2 AUSTUR
1 : 100




# 5 VESTUR
1 : 100

Upprunalegur hönnuður:

| | |
|---|---|
| HP | Heitur pottur |
| B.O. | Björgunarop |
| | Útmerki |
| GN | Gólfniðurfall |
| | Staðsetning slökkvitækja |
| R | Reykskynjari |
| LR | Loftræsting |
| NF | Niðurfallsrör |
| EI60 | Brunamótstaða |
| $EI_2$60Csm | Brunalokanir |
| K:10.0 | Hæðarkóði í metrum |
| | Bílhleðsla |
| | Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis |
| Rw>55 dB | Hljóðvist |

Útg.Tilv.* Dags. Teikn. Skýring / Breyting. Samþ.vk. Dags.

*Tilvísun: ÚTR: útgáfa innri rýni, ÚSV: útgáfa samþ. verkkaupa, ÚTF: útgáfa til framleiðanda, ÚTB: útgáfa f/byggingarnefnd, ÚTV: útgáfa verkteikningar

**Einbýlishús**
TEGUND VERKS

Stórigarður 12, 640 Húsavík
GATA/STAÐSETNING

AÐALUPPDRÆTTIR

GRUNNMYND, ÚTLIT OG SNIÐ

| | |
|---|---|
| LANDNÚMER: | L231022 |
| STAÐGR.: | STF1203532 |
| MHL: | |
| MKV.: | 1:100 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A1 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 2021-02-08 |
| STOFN DAGS: | 2021-02-08 |
| TEIKNAÐ: | Ragnar Sigurgeirsson |
| YFIRFARIÐ: | Ragnar Hermansson |

| VERKNR. | MAPPA | SVÆÐI | ÁBYRGÐ | SFB NR. | RAÐNR. | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 18-01 | 07 | | A | | A-02 | |

**Hönnunarstjóri:**
**Ragnar Hermansson**
**tel: +354 854 1881**
**Netfang: Ragnar@trerein.is**
**kt. 190480-3489**

**Undirskrift**

Trésmiðjan Rein

© Hönnuður
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Tölvuskrá: C:\Users\RagnarGamalielSigurg\Belkod AB\Höskuldur Skúli Hallgrímsson - Belkod\Einingahús\2020\20.47 - Stórigarður 12, Sambýli\Revit\20.47 - Stórigarður 12.rvt true north.rvt